

- **Tollflokkun**
- **Endurákvörðun**

Úrskurður nr. 5/2001.

Tollstjóri endurákvörðar gjöld af 11 vörusendingum er innihéldu "Latte minarine" viðbit. Kærandi telur tollflokkun tollstjóra á vörunni ekki rétta og krefst þess að endurákvörðunin verði felld úr gildi. Ríkistollanefnd fellst á kröfu kæranda.

Lög nr. 55/1987 99.gr., 101.gr. Reglugerð 61/1989 10 gr.

Með bréfi, dags. 9. apríl s.l., er barst nefndinni þann 10. s.m. kærir L., fyrir hönd A, þá ákvörðun tollstjóra frá 23. febrúar 2001 að endurákvörða aðflutningsgjöld af 11 vörusendingum fyrirtækisins er innihéldu "Latte minarine" viðbit. Tollstjóri flokkar vöruna í tnr. 1517.1009. Hækkun aðflutningsgjalda nam kr. 385.707,00 auk dráttarvaxta. Kærandi gerir kröfu um að varan verði tollflokkuð í tnr.1517.9004 eða 1517.9009. Sendingar þær sem um ræðir komu til landsins á eftirtöldum sendingarnúmerum:

F 787 03 10 9 BE LGG V556 E THR 12 10 9 DK AAR W328 E BRU 16 11 9 DK AAR W315
 E BRU 25 01 0 DK AAR W308 E BRU 07 03 9 DK AAR W346 E BRU 04 04 9 DK AAR W335
 E THR 26 10 9 DK AAR W392 E THR 07 12 9 DK AAR W311 E THR 29 02 0 DK AAR W398
 F 203 31 03 0 DK CPH 4982 E THR 11 04 0 DK AAR W354.

Í hinni kærðu endurákvörðun tollstjóra segir að embættið hafi sýnishorn af umræddri vöru í 10 g umbúðum. Um sé að ræða ljósgulan massa sem í útliti, þ.m.t. þéttleika og lit, líkist smjöri. Um notkunarmöguleika vörunnar segir í lýsingu framleiðanda að hún sé tilvalin á brauð en ekki til steikingar eða baksturs. Varan sé því bersýnilega ætluð til nota sem viðbit líkt og smjör. Fram komi að varan innihaldi jurtafæiti og falli að öllu leyti undir lýsingu Alþjóðatollastofnunarinnar á smjörlíki. Smjörlíki sé nefnt í fyrsta undirlið vöruliðar 1517. Sá undirliður greinist annars vegar í tnr. 1517.1001 sem nær yfir smjörlíki með meira en 10% en ekki meira en 15% af mjólkurfitu miðað við þyngd og hins vegar í tnr. 1517.1009, en þar undir falli smjörlíki með 10% mjólkurfitu eða minna. Þar sem ofangreind vara innihaldi minna en 10% mjólkurfitu falli hún undir tnr. 1517.1009. Samkvæmt ofanrituðu og 6. samanber 1. almennu reglu um túlkun tollskrár beri að flokka "Latte minarine" viðbit í tollskrárnúmer 1517.1009. Þar sem að á tollskrárnúmeri 1517.1009 sé magntollur sem er 60 kr./kg., sé um gjaldamun að ræða. Tollstjóri telur þrátt fyrir framkomin gögn og skýringar að umrædd vara sé ranglega tollflokkuð og að hún skuli vera tollflokkuð í tollflokk nr. 1517.1009. Endurákvörðun aðflutningsgjalda vegna umræddra sendinga sé byggð á 1. mgr. og 3. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum. Í 1. mgr. 99. gr. tollalaga kemur fram, að tollstjóri skuli í samræmi við ákvæði greinarinnar endurákvörða innflytjanda aðflutningsgjöld ef í ljós kemur að þau voru ekki rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu. Samkvæmt 3. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga er heimilt að endurákvörða aðflutningsgjöld sex ár aftur í tímann þegar um SMT-tollafgreiðslu er að ræða en í öllum tilfellum voru sendingar afgreiddar í SMT.

Upphæð vangreiddra aðflutningsgjalda sendinganna er sem hér segir:

Sendingarnúmer:	Tollur:	Vsk:	Samtals:
F 787 03 10 9 BE LGG V556	9.600,00	1.344,00	10.944,00
E THR 12 10 9 DK AAR W328	43.440,00	6.081,00	49.521,00
E BRU 16 11 9 DK AAR W315	32.760,00	4.587,00	37.347,00
E BRU 25 01 0 DK AAR W308	54.060,00	7.568,00	61.628,00
E BRU 07 03 9 DK AAR W346	18.240,00	2.554,00	20.794,00
E BRU 04 04 9 DK AAR W335	15.720,00	2.201,00	17.921,00
E THR 26 10 9 DK AAR W392	22.140,00	3.099,00	25.239,00
E THR 07 12 9 DK AAR W311	46.680,00	6.535,00	53.215,00
E THR 29 02 0 DK AAR W398	50.400,00	7.056,00	57.456,00
F 203 31 03 0 DK CPH 4982	9.120,00	1.277,00	10.397,00
E THR 11 04 0 DK AAR W354	17.940,00	2.511,00	20.451,00

Samtals kr. 385.707,00, auk dráttarvaxta frá tollafgreiðsludegi til greiðsludags, sbr. 7. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, og 10. gr. reglugerðar nr. 61/1989, um greiðslustað, gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda vegna tollmeðferðar á innfluttum vörum, með síðari breytingum.

Í kæru L. til ríkistollanefndar kemur m.a. fram að umbjóðandi hans starfi sem dreifingaraðili fyrir Van den Bergh Foods A/S í Danmörku. Fyrirtækið starfi á matvælasviði og framleiði og dreifi ýmsum matvælum m.a. "Latte minarine" til fjölda landa. Fram kemur að "Latte minarine" hefur verið flutt inn frá miðju ári 1999 og er sagt eingöngu ætlað á brauð, undir álegg sem viðbit. Þá segir að í sérstökum pöntunarlistum frá fyrirtækinu sé til hagræðis fyrir viðskiptamenn búið að staðsetja allar vörur fyrirtækisins í alþjóðlegt tollflokkunarkerfi, áður en til útflutnings komi. Vörunar séu staðsettar í tollflokkunarkerfið að teknu tilliti til innihaldslýsingar þeirra og annarra þátta sem máli geti skipt í því sambandi. Tollflokkunarkerfið sé alþjóðlegt og séu fyrstu 6

tölustafirnir í viðkomandi tollflokki ávallt hinir sömu. Í flokkunarkerfinu séu alls 8 tölustafir. Tollflokknum 1517 sé ætlað að taka til eftirfarandi: Smjörlíki; blöndur eða framleiðsla til mannelis úr jurtafeiti eða olíum eða þáttum úr mismunandi fitu eða olíum þessa kafla, þó ekki feiti eða olíur til mannelis eða þættir þeirra í nr. 1516. Flokknum sé tvískipt, annars vegar sé um að ræða 1517 10 --og hins vegar 1517 90--. Undir flokkinn 1517 10-- á "Magarine, excluding liquid margarine" skv. skýringarbók Alþjóðatollastofnunarinnar, "Magarine, undtagen flydene margarine" skv. danska tollakerfinu og "Smjörlíki, þó ekki fljótandi smjörlíki" skv. því íslenska. Undir flokkinn 1517 90 falli annað, þ.e. þær vörur sem ekki eiga undir 1517 10--. Skv. skýringarbók Alþjóðatollastofnunarinnar "Other" skv. danska tollakerfinu "Andre varer" og skv. því íslenska "annars". Þá segir að í pöntunarlista frá framleiðanda sé varan flokkuð undir tollflokkinn "1517 90 99 Andre varer". Við frágang á tollskjöllum vegna innflutnings á umræddri vöru hafi tollflokkurinn "1517 90 04 Neysluhæfar blöndur úr öðrum fljótandi matjurtaolíum" verið valinn í samráði við framleiðanda og starfsmenn tollstjóra. Rétt sé að geta þess að flokkurinn "1517 9099 skv. danska tollflokkunarkerfinu sé nákvæmlega sami flokkur og flokkur "1517 90 09 Annars" í íslenska tollflokkunarkerfinu. Þá kemur fram að umbjóðandi kæranda telji úrskurð tollstjóra alfarið á misskilningi byggðan og hafi greitt aðflutningsgjöld af áður töldum sendingum með fyrirvara. Hann telur að tollstjóri flokki undir allt annað tollaflokkunarkerfi en gert sé að framleiðanda/dreifingaraðila vörunnar og dönskum töllyfirvöldum, þ.e. úr tnr. 1517.90 í tnr. 1517.10. Þá byggir umbjóðandi kæranda á þeirri staðreynd að mikill munur sé á "margarine" og "minarine". Margarine sé smjörlíki sem m.a. sé hægt að steikja úr, nota í bakstur, sósur og jafninga. Skal vera minnst 80% fituinnihald í smjörlíki. Í minarine skal fituinnihald vera 38-41% og sé ekki unnt að nota það til þeirra verka sem tilgreind séu hér að ofan. Einungis sé hægt að nota það sem viðbit á brauð. Fellur Latta minarine þannig samkvæmt skilgreiningu og efnisinnihald hennar ekki undir tnr. 1517.1009. En undir þann tollskrárflokk falli smjörlíki. Þá segir að umbjóðandi kæranda hafi óskað sérstaklega eftir því við starfsmenn Van den Bergh foods A/S að þeir könnuðu það hjá dönskum töllyfirvöldum hvort varan væri rétt færð til tollflokks hjá fyrirtækinu. Staðfesting hafi fengist frá starfsmanni hjá Told&Skat í Danmörku um að varan flokkist í tnr. 1517.9009. Umbjóðandi kæranda telur því augljóst að umrædd vara falli undir tnr. 1517.9004 eða 1517.9009 en eigi alls ekki undir tnr. 1517.1009. Þá er á það bent að búið er selja umræddan varning og komi því endurákvörðun aðflutningsgjalda sér verulega illa, ef til kemur, þar sem aðflutningsgjöld séu að sjálfsögðu innifalin í verði til smásala. Að lokum segir að rétt tollskrárflokkun vörunnar skipti umbjóðanda kæranda miklu, hann sé nú krafinn um greiðslu á kr. 385,707,00 í vangreidd aðflutningsgjöld, auk dráttarvaxta, þar sem af tnr. 1517.1009 beri að greiða 60 kr. gjald á kíló en verði varan flokkuð í tnr. 1517.9004 eða 1517.9009 séu aðflutningsgjöld að fullu greidd. Verði tollflokkun tollstjóra staðfest verði umrædd vara engan veginn samkeppnishæf á íslenskum markaði og væntanlega hætt innflutningi hennar.

Kæran var send tollstjóra til umsagnar skv. 4. mgr. 101 gr. laga nr. 55/1987 með síðari breytingum. Í svari sem barst nefndinni segir að embættið vilji taka fram að pöntunarlistar, yfirlýsingar framleiðenda um tollflokkun í Danmörku eða dönsk lög um fituinnihald í smjörlíki hafi ekki neitt gild þegar vara sé flokkuð í tollskrá. Flokkun vöru í tollskrá fari eingöngu eftir tollskránni sjálfri og túlkunarreglum hennar. Embættið ítrekar fyrri afstöðu sína til flokkunar þessarar vöru. Um sé að ræða blandaða vöru úr vatni, jurtafitu og fylliefnum, unnin þannig að hún líkist smjöri og komi í þess stað ofan á brauð. Því beri að flokka vöruna í tnr. 1517 1009 á grundvelli 1. og 6. túlkunarreglu tollskrár. Með vísan í ofanritað og forsendna hinna kærðu ákvarðana tollstjóra, er þess krafist að þær verði staðfestar.

Í umfjöllun ríkistollanefndar segir m.a. að varan "Latte minarine" sé viðbit sem líkist smjöri í útliti og áferð en sé ólík með tilliti til efnasamsetningar. Efnasamsetningin hafi þau áhrif að ekki sé hægt að nota slíkt viðbit á sama hátt og hefðbundið smjör eða smjörlíki, þ.e.a.s. ekki sé hægt að nota það til steikingar eða baksturs. Samkvæmt innihaldslýsingu innihaldi Latte minarine viðbit mjólkursýrukúltur. Mjólkursýrukúltur er mjólkursýrubakteríur e.t.v. í mjólkurgrunni. Hugsanlega komi óverulegt mjólkurfitumagn í vöruna úr mjólkursýrubakteríunum. Í innihaldslýsingu sé einnig tiltekið kalsíumsorbát næst á undan mjólkursýrukúltur. Hámark leyfilegs magns Sorbats í slíkar vörur er 1g/kg eða 0.1%. Þar sem mjólkursýrukúltur raðast næst á eftir kalsíumsorbati í innihaldslýsingu vörunnar þá ætti magn kalsíumsorbats að vera það hámarks magn sem væri af mjólkursýruörverum í vörunni. Mjög erfitt og líklega ómögulegt sé að greina fitu sem kæmi úr slíku innihaldsefni í lokaafurð. Kúlturar eru notaðir til að sýra vatnsfasa vörunnar, til að auka geymsluþol og hafa áhrif á bragð. Ljóst er því að vara þessi inniheldur ekki mjólkurfitu í mælanlegu magni. Eins og áður hefur komið fram getur vara þessi ekki talist smjörlíki vegna efnasamsetningar. Þegar af þessum ástæðum er hvorki unnt að tollflokka vöru þessa í vörulið 1517.10 né í tnr. 1517.9001 eða 1517.9002. Í ljósi þessa er það mat nefndarmanna að vara sú sem hér er til umfjöllunar og lýst er hér að ofan tollflokkist í tnr. 1517.9009. Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum og til almennra reglna um túlkun tollskrár, liðar 1, úrskurðar ríkistollanefnd að hin kærða endurákvörðun tollstjóra sem sett var fram þann 23. febrúar s.l. um tollflokkun á Latte minarine viðbiti í tnr. 1517.1009 sé felld úr gildi. Nefnd vara skal tollflokkast í tnr.1517.9009.